

REGLUR UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

1. Almenn

1.1. Tilgangur og gildissvið

Það er stefna ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið“) að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að þjónusta félagsins sé misnotuð í slíkum tilgangi. Félaginu er ljóst að sú þjónusta sem það býður upp á felur óhjákvæmilega í sér hættu á slíkri misnotkun. Þá er félaginu ljóst að ófullnægjandi aðgerðir geti leitt til verulegs tjóns fyrir félagið og eigendur þess sem og fyrir samfélagið í heild. Félagið tekur þessa ábyrgð sína því mjög alvarlega og gerir ríkar kröfur til starfsfólks vegna þessa.

Reglur þessar byggja á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, lögum um frystingu fjármuna og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum, og þær gilda um sérhvern starfsmann félagsins, þ.m.t. stjórnarmenn.

Aftast í reglum þessum má finna orðskýringar.

Auk þessara reglna hefur félagið sett sérstakar verklagsreglur um áreiðanleikakannanir (KYC).

1.2. Meginreglur

Þekkjum viðskiptavinum okkar

Starfsfólk skal þekkja deili á þeim viðskiptavinum sem þeir veita þjónustu og gæta þess að félagið búi yfir fullnægjandi upplýsingum um viðkomandi viðskiptavin og hugsanlega hagaðila. Þegar viðskiptavinur er lögaðili skal starfsmaður leggja sig fram við að skilja tilgang lögaðilans og hvaða einstaklingar eru raunverulegir eigendur hans. Starfsfólk skal einnig leggja sig fram við að skilja og greina tilgang og eðli viðskiptasambandsins.

Þegar starfsmaður yfirfer skilríki og skjöl sem eru lögð fram við framkvæmd áreiðanleikakönnunar skal hann leggja sjálfstætt mat á áreiðanleika þeirra út frá eigin dómgreind. Í þessu felst meðal annars að vera á varðbergi gegn fölsuðum skjölum og kanna hvort skjöl séu útfyllt með fullnægjandi hætti. Þess skal einnig gætt að þeir sem koma fram fyrir hönd viðskiptavinar hafi fullnægjandi heimild til þess.

Viðvarandi eftirlit

Starfsfólk skal leggja sig fram við að viðhalda upplýsingum um viðskiptavini. Upplýsingar skulu endurnýjaðar reglulega og starfsmenn skulu uppfæra upplýsingar ef þeir verða varir við að fyrirliggjandi upplýsingar eru rangar eða ófullnægjandi. Þá skal starfsmaður yfirfara fyrirliggjandi upplýsingar þegar tækifæri gefst, svo sem þegar breytingar verða á viðskiptasambandi og viðskiptavinur óskar eftir viðbótarþjónustu.

Starfsfólk skal leggja sig fram við að skilja eðli og tilgang þeirra viðskipta sem þau hafa umsjón með og vera vakandi fyrir breytingum í viðskiptamynstri sem kunna að gefa til kynna breytingar á eðli viðskiptasambands.

Verum á varðbergi

Starfsfólk skal ætíð vera á varðbergi gegn óeðlilegum eða grunsamlegum viðskiptum eða háttum viðskiptavina og tilkynna ábyrgðarmanni peningaþvættis eða regluvörslu ef upp kemur grunur um að viðskipti kunni að tengjast refsiverðu lögbroti, án þess að upplýsa viðskiptavin eða óviðkomandi um slíkar tilkynningar.

Samvinna

Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru fjölbreyttar, enda nauðsynlegt að sérsníða þær eftir fjölmörgum ólíkum aðstæðum. Félagið leggur því ríka áherslu á að veita starfsfólki fræðslu um málaflokkinn og greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá regluvörslu.

Starfsfólk skal sækja reglulega fræðslu um þennan málaflokk og sækjast eftir leiðbeiningum, ráðgjöf og stuðningi regluvörslu eftir þörfum. Þá skulu starfsmenn vera ófeymni við að koma á framfæri við yfirmenn, ábyrgðarmann peningabættis eða regluvörslu sérhverjum ábendingum um umbætur eða áhættur sem þeir kunna að hafa.

2. Viðskiptasambönd

2.1. Áreiðanleikakannanir

Óheimilt er að stofna til viðskiptasambands við aðila nema framkvæmd hafi verið fullnægjandi áreiðanleikakönnun í samræmi við verklagsreglur um áreiðanleikakannanir (KYC).

Tilgangurinn með áreiðanleikakönnun er margþættur. Megintilgangurinn er að afla upplýsinga svo félaginu sé kleift að meta hvort það megi eða vilji eiga í viðskiptasambandi við viðkomandi aðila, með hliðsjón af hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og alþjóðlegum viðskiptaþvingunum. Þá felur ferlið í sér öflun tiltekinna grunnupplýsinga um viðskiptavin sem eru félaginu nauðsynlegar til að viðhalda eðlilegu viðskiptasambandi og sinna upplýsingaskyldu gagnvart stjórnvöldum. Loks er áreiðanleikakönnun ætlað að tryggja að aðili sé sá sem hann segist vera og hafi heimild til að stofna til viðskipta.

Við framkvæmd áreiðanleikakönnunar er einnig nauðsynlegt að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda viðskiptavinar, svo sem umboðsmenn og aðra hagaðila, eftir því sem við á. Þá aflar félagið sér og skráir upplýsingar um aðra þætti, svo sem, tegund viðskiptavinar og eðli starfsemi viðkomandi, hvaða vörur og þjónustu um er að ræða, landfræðilega áhættu o.fl.

Umfang áreiðanleikakönnunar og viðvarandi eftirlits tekur mið af því hve mikil hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka er talin felast í viðkomandi viðskiptasambandi. Tilgangurinn með áhættumati er að auka skilvirkni með því að beina aukinni athygli þangað sem ætla má að mest áhætta sé fyrir hendi. Félagið áskilur sér ávallt rétt til að hafna viðskiptum ef áhætta er talin meiri en félagið er reiðubúið að taka.

2.2. Takmarkanir á viðskiptum

Félagið hefur ákveðið að tiltekin viðskipti og þjónusta skuli óheimil eða takmörkuð og að þjónusta félagsins standi ákveðnum tegundum aðila ekki til boða.

Óheimilt er að stofna til eða halda áfram viðskiptum:

- ef ekki reynist mögulegt að framkvæma fullnægjandi áreiðanleikakönnun að mati félagsins;
- við aðila sem er óheimilt að eiga viðskipti við samkvæmt ákvörðun Sameinuðu Þjóðanna, Evrópusambandsins, Bretlands eða Bandaríkjanna um þvingunaraðgerðir;
- við aðila sem hefur í för með sér verulega orðsporsáhættu fyrir félagið, vegna meintra tengsla við refsiverða háttsemi;
- við aðila þar sem er fyrir hendi sterkur grunur að viðkomandi kunni að misnota þjónustu félagsins til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða að viðkomandi hafi villt á sér heimildir, afhent félaginu fölsuð skjöl, eða sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsfólki;
- við aðila sem hyggst koma fram í eigin nafni í þágu þriðja aðila;

- við skelbanka (þ.e. fjármálafyrirtæki sem hefur ekki raunverulega starfsemi) og fjármálafyrirtæki sem heimilar skelbanka að nota reikninga sína eða aðila sem veita fjármálaþjónustu án tilskilinna leyfa;
- við lögaðila sem gefur út hluti í formi handhafabréfa, án hluthafaskrár þar sem haldið er utan um nöfn allra handhafa;
- við aðila þar sem af öðrum ástæðum er talin óásættanleg hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka út frá áhættuþoli félagsins.

Einnig er óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti ef félaginu má vera ljóst að þau tengist aðilum sem falla undir framangreint. Í þessu felst m.a. að óheimilt er að hafa milligöngu um viðskipti ef félaginu má vera ljóst að viðskiptavinur félagsins hefur verið blekktur til að senda mótaðila sínum fjármuni.

Óheimilt er að bjóða viðskiptavinum nafnleynd í viðskiptum við félagið og skal gæta sérstakrar varúðar ef um er að ræða nýja tækni eða vöru þar sem hvatt er til nafnleyndar, þar með talið við vöruþróun innan félagsins. Þá er með öllu óheimilt að taka þátt í eða stuðla að viðskiptum sem ætlað er að dylja raunverulegt eignarhald.

Óheimilt er að eiga viðskipti við ókunnuga, það er aðila sem er ekki í viðvarandi viðskiptasambandi við félagið.

Óheimilt er að bjóða öðrum fjármálafyrirtækjum upp á þjónustu í formi gegnumstreymisreikninga.

2.3. Uppsögn viðskiptasambands

Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambands sem brýtur í bága við takmarkanir skv. 2.2 gr. skal binda endi á viðskiptasambandið.

Við ákvörðun um hvernig bundinn skuli endir á viðskiptasamband skal taka tillit til atvika og áhættu hverju sinni í samráði við ábyrgðarmann aðgerða gegn peningþvætti og regluvörð. Almenn skal tilkynna viðskiptavin með sannanlegum hætti og með tilteknum fyrirvara að lokað verði fyrir frekari viðskipti nema fullnægjandi upplýsingar eða skýringar berist innan veitts frests.

Félagið getur ákveðið að segja upp viðskiptasambandi án fyrirvara ef fyrir hendi er rökstuddur grunur um að viðkomandi:

- lúti alþjóðlegum viðskiptaþvingunum;
- sé viðriðin hryðjuverk eða skipulega glæpastarfsemi, s.s. ólöglega vopnasölu, ólöglega framleiðslu eða dreifingu fíkniefna, vændi, mansal, ólögmaett klám eða fjárhættuspil eða meiriháttar fjármunabrot;
- hafi misnotað þjónustu félagsins til peningþvættis, fjármögnunar hryðjuverka eða annarra lögbrota, hafi villt á sér heimildir eða afhent félaginu fölsuð skjöl, eða hafi sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsfólki félagsins.

3. Reglubundið eftirlit og tilkynningarskylda

3.1. Reglubundið eftirlit

Félagið skal hafa reglubundið eftirlit með samningssambandi við viðskiptavini sína og athuga viðskipti sem eiga sér stað á meðan á samningssambandinu stendur, til að tryggja að þau samræmist fyrirliggjandi upplýsingum. Í þeim tilvikum þar sem talin er aukin áhætta, skal viðhafa aukið reglubundið eftirlit.

Það er á ábyrgð sérhvers starfsmanns að vera á varðbergi fyrir því hvort viðskipti séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar um viðkomandi viðskiptavin, m.a. hvað varðar umfang, eðli og tilgang viðskiptasambandsins og uppruna fjármuna.

Við reglubundið eftirlit skal tryggt að félagið uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, og tengdra stjórnvaldsfyrirmæla.

3.2. Viðskipti sem krefjast sérstakrar varúðar

Starfsmenn skulu gæta sérstakrar varúðar vegna óvenjulegra viðskipta, s.s. þar sem eitthvað af eftirtöldu á við:

- Aðili er tregur til að veita upplýsingar eða gefur ótrúverðugar upplýsingar eða sýnir óvenju mikinn áhuga á framkvæmd áreiðanleikakannana eða eftirliti félagsins;
- Aðili leitast ítrekað eftir því að haga viðskiptum sínum þannig að þau nemi lægri fjárhæð en almennt koma til skoðunar;
- Aðili sækist eftir að eiga viðskipti við félagið, þrátt fyrir verulegt landfræðilegt óhagræði;
- Um er að ræða viðskipti með háar fjárhæðir þar sem greitt er með reiðufé;
- Viðskipti virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang;
- Viðskiptavinur eða viðskipti tengjast áhættusömum ríkjum eða ríkjasvæðum;
- Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin með hliðsjón af venjubundinni starfsemi eða fyrirliggjandi upplýsingum um viðskiptavin, eða háttsemi viðskiptavinar eða viðskipti eru að öðru leyti óvenjuleg;
- Viðskipti, starfsemi, eignarhald eða skipulag lögaðila eru óvenjuleg eða torskilin.

Við framangreindar aðstæður skal starfsmaður meta hvort ástæða sé til að senda tilkynningu til regluvörslu í samræmi við 3.3 gr.

3.3. Tilkynningaskylda, stöðvun viðskipta og þagnarskylda

Sérhverjum starfsmanni er skylt að tilkynna ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningabætti skriflega um grunsamleg athæfi eða viðskipti, eða regluverði, sem grunur leikur á að hafi tengsl við ólögmeða háttsemi. Í tilkynningu skal koma fram nafn þess starfsmanns sem sendir tilkynninguna, nafn og kennitala þeirra aðila sem tilkynning snýr að og greinagóð lýsing á því athæfi sem þykir grunsamlegt. Ekki er gerð krafa um vitneskju eða rökstuddan grun, né þarf starfsmaður að mynda sér skoðun á því hvers konar refsivert lögbrot kunni að liggja að baki.

Ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningabætti eða regluverði skal tilkynnt um tilvik þar sem ekki reynist unnt að sannreyna áreiðanleika fyrirliggjandi upplýsinga eða viðskiptum er hafnað af öðrum ástæðum. Regluvörður eða ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti metur hvort lögreglu skuli send tilkynning samkvæmt 3.4. gr.

Forðast skal, að því marki sem unnt er, að framkvæma viðskipti ef fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að þau tengist ólögmeðri háttsemi. Ef viðskipti hafa ekki verið framkvæmd skal geta þess sérstaklega í tilkynningu til ábyrgðarmanns eða regluvarðar og skulu viðskipti ekki framkvæmd nema að höfðu samráði við þá aðila.

Starfsmönnum er með öllu óheimilt að upplýsa viðkomandi viðskiptamann eða aðra utanaðkomandi aðila um að tilkynnt hafi verið um grunsemdir eða að slík tilkynning kunni að vera send. Starfsmaður sem ræður viðskiptavin frá því að taka þátt í ólöglegu athæfi telst ekki hafa brotið bann við upplýsingagjöf.

Félagið skal grípa til videigandi ráðstafana til að vernda starfsmenn sem tilkynna í góðri trú um grunsemdir sínar fyrir hótunum eða öðrum fjandsamlegum aðgerðum sem má rekja til slíkra tilkynninga. Þá er félaginu með öllu óheimilt að láta starfsmann gjalda þess á nokkurn hátt að hafa tilkynnt grunsemdir sínar.

3.4. Athuganir regluvörslu og tilkynningar til lögreglu

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti eða regluvörður skulu bregðast við öllum tilkynningum starfsmanna um grunsamlegt athæfi eða viðskipti svo fljótt sem unnt er. Athuga skal tilkynningu gaumgæfilega ásamt bakgrunni viðskipta og viðskiptamanns.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti eða regluvörður skulu útbúa skriflega skýrslu um sérhverja athugun á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskiptum, sem skal vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og nota megí lýsinguna sem sönnunargagn í refsímáli.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti leggur mat á þær tilkynningar sem berast og tekur ákvörðun í samráði við regluvörð um hvort tilkynning skuli send lögreglu. Í tilkynningu til lögreglu skal koma fram greinargóð lýsing á niðurstöðum athugunar, ásamt afriti af öllum nauðsynlegum upplýsingum. Þá skal einnig tilgreina þann frest sem félagið hefur til að framkvæma viðskipti, ef þau hafa ekki verið framkvæmd, og ákveða í samráði við lögreglu hvort viðskipti skuli framkvæmd.

Í tilkynningu til lögreglu skulu ekki koma fram nöfn eða önnur auðkenni þess aðila sem tilkynnti regluvörslu um grunsemdir sínar og skulu slíkar upplýsingar ekki veittar nema það sé skylt samkvæmt lögum.

Samkvæmt skriflegri beiðni lögreglu sem rannsakar peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, skal félagið láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningar.

Regluverði er heimilt að miðla upplýsingum í samræmi við 3. mgr. 27. gr. laga nr. 140/2018.

3.5. Frysting fjármuna

Skyllt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð á grundvelli laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna, í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, til að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignarskráningu sem og önnur viðskipti og hindra þannig að aðilar á listum yfir þvingunaraðgerðir fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

Við frystingu skal án tafar tilkynna eigendum, utanríkisráðherra og Fjármálaeftirlitinu um slíkar ráðstafanir.

4. Innra skipulag

4.1. Áhættumat

Regluvarsla og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti skulu sjá til þess að gert sé áhættumat á rekstri félagsins og viðskiptum út frá hættunni á að vörur og þjónustur þess séu misnotaðar til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á áhættu og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Við gerð áhættumats skal hafa áhættumat ríkislögreglustjóra til hliðsjónar.

Áhættumat skal uppfært árlega eða oftar ef tilefni er til. Ávallt skal framkvæma áhættumat áður en nýjar vörur eða þjónusta er sett á markað og þegar teknar eru í notkun nýjar dreifileiðir og ný tækni.

4.2. Verklag

Stjórnendur skulu tryggja að reglur þessar séu innleiddar á viðkomandi sviði/deild, með viðeigandi verkferlum, vinnulýsingum og eftirlitsaðgerðum, eftir því sem við á.

4.3. Ráðning starfsmanna

Við ráðningu starfsfólks skal kanna náms- og starfsferil umsækjanda, sakaferil og aðra þætti sem koma til álita við mat á því hvort viðkomandi sé í aðstöðu sem eykur hættu á því að viðkomandi tengist ólögmætri háttsemi.

4.4. Fræðsla

Stjórnendur skulu tryggja að starfsmenn þeirra fái viðeigandi fræðslu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur þessar við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstímanum.

Starfsmenn sem koma að því að veita fjármálaþjónustu, beint eða óbeint, skulu fá viðeigandi fræðslu í samræmi við eftirfarandi:

- Nýir starfsmenn skulu kynna sér aðgerðir félagsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem hluta af nýliðafræðslu;
- Allir starfsmenn sem koma að fjármálaþjónustu skulu árlega fá kynningu eða námskeið og standast próf um efni reglna þessara, sé þess óskað;
- Starfsmenn skulu fá viðeigandi fræðslu er breytingar á viðkomandi reglum eða verklagi eiga sér stað.

Með fræðslunni skal tryggt að starfsmenn þekki skyldur sínar og félagsins vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og afleiðingar þess ef þær eru ekki virtar. Þá skal fræða starfsfólk um helstu aðferðir við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hvar helstu hætturnar liggja, helstu vísbendingar sem geta vakið upp grunsemdir og hvernig skuli bregðast við slíku, auk þess að fræða um helstu þróun innan málaflokksins.

4.5. Varðveisla og vinnsla gagna

Varðveisla og vinnsla persónuupplýsinga vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skal samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 28. og 29. gr. laga nr. 140/2018.

Gögn varðandi viðskiptamenn og viðskipti skulu varðveitt með skipulegum og öruggum hætti, þannig að fullnægjandi yfirsýn sé tryggð og unnt að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá yfirvöldum. Gæta skal þess að varðveitt gögn séu nægjanleg til að yfirvöldum sé unnt að gera sér grein fyrir því hvernig staðið var að áreiðanleikakönnun viðskiptamanns og hvernig einstök viðskipti voru framkvæmd.

Varðveita skal viðeigandi gögn og upplýsingar í að minnsta kosti 5 ár frá því viðskiptasambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað. Skýrslur regluvörslu og upplýsingabeidnir frá lögreglu í tengslum við rannsóknir á grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, og önnur samskipti við yfirvöld í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu varðveitt í að minnsta kosti 5 ár.

Heimilt er að miðla upplýsingum um viðskiptavini sem aflað er samkvæmt reglum þessum innan samstæðu félagsins, í samræmi við tilgang reglnanna og að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd. Þá er heimilt að deila upplýsingum með þriðja aðila á grundvelli skriflegs samnings þar um.

Öllum starfsmönnum er heimill aðgangur að upplýsingum sem er aflað við framkvæmd áreiðanleikakannana. Aðgengi að upplýsingum er varða athuganir á grunsamlegum viðskiptum og tilkynningar til lögreglu skal takmarkað við forstjóra, regluvörð og ábyrgðarmann aðgerða gegn peningabætti, nema lög kveði á um annað.

4.6. Regluvörður / ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti

Félagið ber ábyrgð á að starfsmenn fylgi lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglum þessum. Stjórn staðfestir skipan regluvarðar sem sérstakan ábyrgðarmann samkvæmt lögum nr. 140/2018 eða skipan sérstaks ábyrgðarmanns um aðgerðir gegn peningabætti og staðgengil hans.

Regluvarsla eða ábyrgðarmaður skal hafa eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við lög og viðeigandi staðla. Regluvarsla eða ábyrgðarmaður skal auk þess rannsaka grunsamleg viðskipti, senda tilkynningar til lögreglu og hafa umsjón með samskiptum við yfirvöld er varða aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og tryggja skilvirkni slíkra samskipta. Þá skal regluvarsla eða ábyrgðarmaður hafa umsjón með fræðslu starfsmanna.

Regluvörður eða ábyrgðarmaður getur mælt til þess að stöðva framkvæmd viðskipta, að viðskiptasambandi sé hafnað eða að bundinn sé endi á viðskiptasamband vegna hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Ákvörðun skal skotið til framkvæmdastjóra ef ekki er fallist á tilmæli regluvarðar. Stjórn skal upplýst um ákvarðanir sem eru teknar í andstöðu við álit regluvarðar.

Regluvörður skal tryggja að stjórn félagsins sé nægilega upplýst um áhættur að því er varðar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svo henni sé kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr og stýra slíkum áhættum.

Regluvörður eða ábyrgðarmaður skal veita stjórn skýrslu um framkvæmd reglna þessara eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega. Stjórn leggur mat á skýrsluna og kveður á um aðgerðir til úrbóta, eftir atvikum.

4.7. Viðurlög

Brot á reglum þessum getur varðað áminningu eða brottrekstri starfsmanns, auk opinberra viðurlaga.

4.8. Birting, gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar skulu verða aðgengilegar og birtar á sameiginlegu drifi félagsins og taka gildi við samþykki.

Reglurnar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir.

4.9. Orðskýringar

Í reglum þessum merkir:

- *Peningabætti*: Þegar aðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt lögum, sbr. nánari skilgreiningu í lögum nr. 140/2018. Viðkomandi aðili þarf ekki að hafa átt þátt í frumbrotinu, né þarf frumbrotið að hafa átt sér stað innan íslenskrar lögsögu.
- *Fjármögnun hryðjuverka*: Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja hryðjuverk, þ.e. brot sem er refsivert skv. 100. gr. a. – 100. gr. c. almennra hegningarlaga.
- *Skelbanki*: Lánastofnun eða annar aðili með sambærilega starfsemi sem stofnuð er innan lögsögu þar sem hún hefur enga raunverulega starfsemi eða stjórn og er ótengd eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu.
- *Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir*: Þvingunaraðgerðir sem Ísland er þátttakandi að á grundvelli laga nr. 93/2008, um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, þ.e. þvingunaraðgerðir ESB, Bandaríkjanna og Bretlands.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 8. mars 2022

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 6. júlí 2023